



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 459

Anna Þórarinsdóttir

(1918-2006)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einakskjalsafn nr. 459

Anna Þórarinsdóttir

Anna Þórarinsdóttir fæddist í Reykjavík hinn 23. júlí 1918. Hún lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 24. júní 2006, 87 ára að aldri. Foreldrar Önnu voru Ástríður Hannesdóttir (1893-1985) og Þórarinn Kristjánsson verkfræðingur og hafnarstjóri í Reykjavík (1886-1943). Albræður Önnu voru Hannes (1916-2007) yfirlæknir í Reykjavík og Jón (1919-1975) lyfsali í Reykjavík. Hálfbróðir hennar samfeðra var Njáll (1908-2004) heildsali í Reykjavík.

Anna giftist 12. júlí 1941 Stefáni Guðnasyni (1911-1988) forstjóra. Foreldrar hans voru Valgerður Björnsdóttir (1881-1970) og Guðni Stefánsson (1885-1954).

Börn Stefáns og Önnu eru: Þórarinn (1941) verkfræðingur, Guðni (1947) ráðgjafi, Tryggvi Björn (1949) læknir, Valgerður (1953) forstöðumaður og Ástríður (1961) læknir.

Anna lauk prófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1934. Hún stundaði nám við Clark College í London 1935-1936. Hún lauk prófi í Sjúkraþjálfun frá Teilmanns Institut í Kaupmannahöfn haustið 1939. Anna lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, nýmálabraut, í maí 1981. Á árunum 1973-1990 sótti hún fjölda námskeiða og ráðstefna víða um heim þar sem hún kynnti sér barnasjúkraþjálfun sérstaklega.

Anna hóf starfsferil sinn hjá Björgvin Finnssyni endurhæfingarlækni og starfaði hjá honum frá 1940-1941. Hún vann ýmis afleysingastörf sem sjúkraþjálfari á árunum frá 1941-1968. Hún starfaði á Lyngási 1964-1974, barnadeild Kópavogshælis 1972-1975, sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla (Kjarvalshúsi) 1975-1986 og sem yfirsjúkraþjálfari frá 1978. Í starfinu fólst einnig stuðningur við uppbyggingu á þjónustu við fötluð börn, svo sem í skóla fjölfatlaðra barna á Selfossi, á Víðivöllum í Hafnarfirði og blindradeild Álfamýrarskóla, ásamt ráðgjöf fyrir starfsfólk um þjálfun fjölfatlaðra barna og verklegri þjálfun fyrir nema í sjúkraþjálfun. Hún starfaði í Öskjuhlíðarskóla frá 1986 til 1993. Anna hélt námskeið um hreyfiproska barna, meðferð fatlaðra barna og starfsstöður við Þroskaþjálfaskóla Íslands 1978-1986 og var stundakennari í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands fyrstu árin eftir að til þess náms var stofnað. Frá 1993 var hún sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari.

Anna tók þátt í stofnun Félags íslenskra sjúkraþjálfara í apríl árið 1940 og sat í stjórn þess með stuttum hléum til ársins 1970. Á þessu tímabili sinnti hún ýmiss konar trúnaðarstörfum fyrir félagið. Hún var meðal annars ritari félagsins og annaðist erlend samskipti, einkum varðandi menntun sjúkraþjálfara og skólavist íslenskra sjúkraþjálfaranema við erlenda skóla.

Hún kynnti enn fremur sjúkraþjálfaranámið í framhaldsskólum hérlendis.

Heimild: Mbl.is, minningargrein. Sótt 4. nóvember 2011
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1091021

Valgerður Stefánsdóttir, dóttir Önnu, afhenti safnið 11. ágúst 2011.
Tímabil 1909 til 2003.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1909 til 2003.

Örk 1

Fermingarkort Önnu Þórarinsdóttur frá Þóru og Jóni Magnússyni, án árs.
Heillaóskaskeyti vegna fermingar Önnu Þórarinsdóttur, 23. október 1932.
Jólapóstkort frá Rannveigu, 1938.
Afmælisskeyti til Önnu Þórarinsdóttur frá verkamönnunum Jóni og Bjarna, 23. júlí 1940.
Heillaóskaskeyti vegna brúðkaups Önnu Þórarinsdóttur og Stefáns Guðnasonar, 12. júlí 1941. Samúðarkort vegna fráfalls Stefáns Guðnasonar, 1988.
Minningarkort vegna fráfalls Stefáns Guðnasonar, 1988.
Samúðarskeyti vegna fráfalls Stefáns Guðnasonar, 1988.
Samúðarbréf frá Ingu Hallgrímsdóttur, 23. apríl 1988.
Boðskort frá Lýðveldishátíðarnefnd Reykjavíkur, 1. febrúar 1994.
Jólaort frá fjölskyldunni í Skólagerði, 2002.
Boðskort frá forseta Íslands, 3. desember 2003.
Mynd af útsaumudu teppi og handskrifaður texti sem fylgir með. Anna hefur skrifað þennan texta, sem rekur sögu teppisins og hvernig hún erfði það, án árs.
Blaðaúrklippa og mynd, án árs. Lionsklúbburinn Týr styrkir greiningardeildina í Kjarvalshúsi með því að gefa hjálpar- og þjálfunartæki. Anna er önnur frá vinstri.

Örk 2

Fermingarskeyti til Ástríðar Hannesdóttur, móður Önnu Þórarinsdóttur, 23. maí 1909.
Heillaóskaskeyti vegna brúðkaups Ástríðar Hannesdóttur og Þórarins Kristjánssonar, foreldra Önnu Þórarinsdóttur, 5. júní 1915.
Afmælisskeyti til Þórarins Kristjánssonar, föður Önnu, 27. júlí 1936.

Örk 3

Food From the Sea, Fish and Shellfish of New England, hefti, 1943.
Fish and Shellfish of the South Atlantic and Gulf Coasts, hefti, 1944.
Andvari, kápa af tímaritinu, vor 1962.
Ícelandair, flugmiði, 23. september 1977.
Garðakirkja 100 ára: Messudagskrá í Garðakirkju, 26. maí 1980.
Ísland við aldhvörf, hefti fyrir ljósmyndasýningu, 1.-27. febrúar 1994.
Eimskipafjelag Íslands, límmiði.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1940 til 2002.

Fundargerðabók Félags íslenskra nuddkvenna, 26. apríl til desember 1941.
Í bókinni eru: Fundargerð, 26. apríl 1940. Bréf, 20. september 1941.
Lög fyrir Félag íslenskra nuddkvenna, 1940.
Lög Félags íslenskra sjúkraþjálfara, 2002.
Lög og siðferðislegar skuldbindingar, hefti, án árs.
Siðferðislegar skuldbindingar, hefti, án árs.

Fundargerðabók Félags íslenskra nuddkvenna, 9. febrúar til 18. október 1950.

Örk 1

Bréf, ráðstefnur, ársskýrslur, bókhald o.fl., 1941-1969.

Örk 2

Bréf, ráðstefnur, ársskýrslur, bókhald o.fl., 1960-1969.

Örk 3

Bréf, ráðstefnur, ársskýrslur, bókhald o.fl., 1960-1969.

Örk 4

Bréf, ráðstefnur, ársskýrslur, bókhald o.fl., 1970-1986.

Askja 3

Bréfa- og málafn 1950 til 1987.

Dönsk kennslubók, án árs.

Örk 1

Alþjóðleg ráðstefna í París um sjúkraþjálfun, 20.-24. september 1950, bæklingur. Inn í bæklingnum er bréf til Önnu Þórarinsdóttur, 11. desember 1970.

Ljósrit af blaðagrein úr Arbeiderbladet, 16. maí 1987.

Fors. behandlingsprincipper for cerebral parese, kafli úr dönsku tímariti, apríl, maí, júní 1957.

The very early treatment of cerebral palsy, kafli úr ensku tímariti, 4. ágúst 1967.

The management of spasticity in children, kafli úr ensku tímariti, nóvember 1976.

Physiotherapy as a career, hefti um sjúkraþjálfun, án árs.

Communications, hefti, 1958.

Communications, hefti, 1959.

Behandling af børn med cerebral parese inden for samfundet og hjemmet for vanføre, hefti, 1961.

Frigjøring av ekstremitetsledd, vottorð um þátttöku í námskeiði, 22.-25. apríl 1967.

Alþjóðleg ráðstefna um CP í Apenu, dagskrá, 24.-26. apríl 1986.

Bréf stílað til Önnu Þórarinsdóttur, 1. október 1974.

Skýrsla og tölulegar upplýsingar um starfsemi Kjarvalshúss á árunum 1975-1981.

Vélritaður texti þar sem Anna Þórarinsdóttir mælir með tveimur bókum sem foreldrar fatlaðra barna geta hagnýtt sér, án árs.

Vélritaður fyrirlestur um hreyfiproska barna sem hafa fæðst blind og sjáandi fyrstu mánuði ævinnar, án árs.

Vélritaður fyrirlestur á ensku eftir Angelos Vlachos, án árs.

Handskrifaður fyrirlestur, líklega af Önnu Þórarinsdóttur, án árs.

Handskrifuð skýrsla um ferð Önnu Þórarinsdóttur á ráðstefnu International Cerebral Palsy Society í Cambridge, án árs o.fl.

Örk 2

Kennsluefni, án árs.

Örk 3

Kennsluefni, án árs.

Örk 4

Kennsluefni, án árs.

Askja 4

Bréfa- og málafn 1982 til 1987.

Örk 1

Dagbók, sjúkraþjálfun lýst, desember 1982 til 18. september 1985.
Niðurstöður úr þroskamati, 19. mars 1986.
Niðurstöður úr þroskamati, 22. janúar 1987 o.fl.

Örk 2

Nafnalisti starfsheita, blað, án árs.
Denver þroskamat, án árs.
Vikuáætlun, án árs, 3 eintök.
Greinargerð vegna skilafundar, án árs, 2 eintök.
Þroskamatsblað, án árs, 3 eintök.
Eyðublað fyrir Hreyfi-skyn-þroska hjá dreng 0-7 ára, án árs, 1 eintak.

Eyðublað fyrir Hreyfi-skyn-þroska hjá stúlku 0-7 ára, án árs, 1 eintak.

Eyðublað á dönsku fyrir Hreyfi-skyn-þroska hjá stúlku 0-7 ára, án árs, 1 eintak, o.fl.

Örk 3

Kennsluglærur og rissbók, án árs.

Örk 4

Stórar svarthvítar ljósmyndir á spjaldi af börnum í sjúkraþjálfun, 2 eintök.
Svarthvítar filmur af börnum í sjúkraþjálfun.
Slides myndir, 17 eintök.
Ljósmyndir af börnum í sjúkraþjálfun, 84 eintök.
Jólaort með ljósmynd af barni, frá Ásbjörgu Elínu Kristjánsdóttur, 1980.
Ljósmynd af barni, aftan á er skrifað frá Ólöfu Ingu, 22. desember 1980.

Umslag: Trékubbar, líklega notaðir í þjálfun barna.
Umslag: Trékubbar, líklega notaðir í þjálfun barna.
Spelka.

Skráð í nóvember 2011, L.K.H